

**Greinargerð með fyrirspurn íbúaráðs Kjalarness sem lögð var fram á fundi ráðsins þann 13. febrúar sbr. 9. lið fundargerðar s.d.**

Spurningar til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur varðandi skotæfingasvæðin á Álfsnesi

Í fyrstu grein starfsleyfisskilyrða skotsvæðanna er talað um endurskoðun starfsleyfa ef mengun er meiri en búast má við af starfseminni.

**Hefur þessi endurskoðun starfsleyfa farið fram í ljósi nýrra upplýsinga?**

Í annarri grein en talað um að leggja yfirborðsefni til að binda þungmálma og samráð við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur um val efnis.

**Hefur þetta samráð farið fram og er það til skjalfest?**

Einnig er þess getið að mæla hversu djúpt þungmálmar hafa borist og yfirborðsefni hreinsað áður en þungmálmamengun berst niður úr því.

**Hafa farið fram mælingar á þungmálmum og PAH á skotæfingasvæðunum, og eru þessar upplýsingar aðgengilegar?**

**Hefur yfirborðsefni verið hreinsað og eru til staðfestingar á því?**

**Hafa farið fram athuganir á blýmengun í fjöru og sjó í nágrenni við skotæfingasvæðin og magn verið metið?**

Í grein 2.2 er talað um að takmarka útbreiðslu hávaða annarsvegar og hinsvegar að HER mun leita leiða til að meta hávaða eftir bestu fánlegu tækni.

**Hafa þessar mælingar farið fram, eru upplýsingar um þær aðgengilegar ásamt lýsingu á staðsetningu og aðferðarfræðinni við að mæla hávaðamengun?**

**Hefur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur fengið einhverjar vísbindingar um að hávaðamengun hafi valdið ónæði?**

Í 4 grein er talað um skráningu æfingatíma, áætlað magn blýs sem fellur á æfingavöllinn og fjölda og tegund leirdúfa.

**Eru þessar skráningar til hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur fyri bæði svæðin?**

**Starfsleyfi SR rennur út 11 mars næstkomandi, sér Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur eitthvað því til fyrirstöðu að gefið verði út starfsleyfi til næstu 12 ára.**